

nauðsynlegt er hverju sinni, og skal ráðningarsamningurinn samþykktur af hreppsnefnd.

Uppsagnarfræstur af hendi hvors aðila er 6 mánuðir.

7. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um vanrækslu og hirðuleysi í starfi sínu og skýttir ekki áminningum hreppsnefndar, getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu svo fljótt sem við verður komið. Oddviti tekur þá við starfi sveitarstjóra og gegnir því, unz sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Flateyrarhrepps í Vestur-Ísafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 8. október 1971.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

16. maí 1972.

Nr. 116.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um sóttvarnir, nr. 229 15. nóvember 1971.

1. gr.

2. málsg. 10. gr. orðist svo:

Kúabólusetningarvottorð má ekki vera eldra en 3ja ára, talið frá 8. degi eftir frumbólusetningu með jákvæðum árangri, en sé um endurbólusetningu að ræða, þá frá bólusetningardegi.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. maí 1972.

Magnús Kjartansson.

Jón Inqimarsson.

25. maí 1972.

Nr. 117.

REGLUGERÐ

um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum.

1. gr.

Af vörum, sem eru undanþegnar tollum samkvæmt reglugerð þessari, falla einnig niður önnur aðflutningsgjöld, söluskattur við innflutning og einkasölugjöld.